



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. mars 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um Matvælastofnun, 331. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu, (samtökin) þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum vegna frumvarpsins.

Í 3. gr. er fjallað um skipulag Matvælastofnunar og fleira. Í 3. málsgrein kemur fram að forstjóri ákveði staðsetningu umdæmisstofa og ráði dýralækni til að veita hverri umdæmisstofu forstöðu. Eðlilegt er að hverri umdæmisstofu starfi dýralæknir sem fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum. Hins vegar verður ekki séð að forstöðumaður umdæmisstofu verði að vera dýralæknir. Samtökin leggja til að málsgreinin hljóði svo: „*Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður forstöðumann. Á hverri umdæmisstofu skal starfa dýralæknir sem fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.*“

Í 5. mgr. 3. gr. er ákvæði um að stofnunin skuli árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja stefnu um starfsemi sína og meginverkefni í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að stofnuninni sé ætlað að gera slíka áætlun árlega til lengri tíma. Samtökin telja rétt að lagatextinn sjálfur sé í samræmi við það og leggja til að málsgreinin hljóði svo: „*Matvælastofnun skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja stefnu til lengri tíma um starfsemi sína og meginverkefni í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.*“

Samtökin telja 5. gr. frumvarpsins fela í sér jákvæða breytingu. Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hins vegar ekki talað um *einkaaðila* heldur *aðila*. Að mati samtakanna er æskilegt að útvistunin verði fest í lög en byggist ekki einungis á ákvörðun ráðherra hverju sinni. Samtökin leggja til að í lögum verði kveðið á um að ákveðnum verkefnum stofnunarinnar verði útvistað til þess bærra *einkaaðila*.

Virðingarfyllt,
f.h. samtakanna

Pétur Reimarsson

Lárus Ólafsson

Björg Ásta Þórðardóttir